



Starfsáætlun íþróttatímstunda- og lýðheilsuáætlun 2024



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hlutverk íþrótta- og tómstundaráðs og lýðheilsuráðs.....	4
Mannauður íþrótta- og tómstundamála.....	5
Stefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða.....	6
Frístundastefna Reykjanesbæjar	7
Íþróttamannvirki.....	7
Félagmiðstöðin Fjörheimar	8
Ungmennaráð Reykjanesbæjar.....	8
88 Húsið – Ungmennahús	9
Vinnuskóli Reykjanesbæjar	9
Frístundaakstur – efling þátttöku barna í íþrótta- og tómstundastarfi.....	9
Forvarnarmál og Samtakahópurinn	10
Rannsóknir ÍÆ, Rannsóknna og Greininga og lýðheilsuvísa	10
Hvatagreiðslur 4 – 18 ára	11
Hvatagreiðslur 67 ára og eldri.....	11
Virkjun mannauðs í Reykjanesbæ	11
Íþróttir fyrir börn með sérþarfir	12
Frístundir.is	12
Stefna Reykjanesbæjar og heimsmarkmið	13


Inngangur

Málefni íþróttá- tómsunda- og lýðheilsamála er afar mikilvægur málaflokkur þó svo að hann sé ekki lögbundinn, en ætti að sjálfsögðu að vera það.

Á undanförunum árum og áratugum hefur mikil barátta átt sér stað til að auka fjármagn til málaflokksins og bæta aðstöðu sem víða í sveitarfélaginu er orðið ábótavant.

Á hitt ber þó að líta að fjárhagsáætlun fyrir málaflokk 06 fyrir árið 2024 hefur aldrei verið jafn góð, en betur má þó ef duga skal. Skattahlutfall til íþróttá- tómsunda- og lýðheilsamála er 7,7 % á hvern íbúa en var í fyrra 6,5 % - landsmeðaltalið er 10 %.

Starfsáætlun þessari er ætlað að varpa ljósi á þá starfsemi sem boðið er upp á tengt íþróttum, tómsundum og lýðheilsu.



Hafþór Barði Birgisson

Íþróttá- og tómsundafulltrúi



REYKJANESBÆR
Íþróttá- og
tómsundafulltrúi

Hlutverk íþróttá- og tómsundaráðs og lýðheilsuráðs.

Íþróttá- og tómsundaráð sem og lýðheilsuráð, starfa samkvæmt V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, telst til fastanefnda Reykjanesbæjar. Íþróttá- og tómsundaráð skal starfa í samræmi við þau lög og reglur sem um það gilda, samþykktir Reykjanesbæjar og erindisbréf.

Formaður íþróttá- og tómsundaráðs er Friðþjófur Helgi Karlsson. Aðrir nefndarmenn eru; Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir og Sindri Kristinn Ólafsson.

Formaður lýðheilsuráðs er Bjarney Rut Jensdóttir. Aðrir nefndarmenn eru; Anna Lýdía Helgadóttir, Jóhanna Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson. Bæði ráðin funda einu sinni í mánuði, 10 mánuði ársins.

Helstu verkefni sem lýðheilsuráð hefur yfirumsjón með eru:

- a) Lýðheilsuráð skal tryggja að lýðheilsustefna fyrir Reykjanesbæ sé til staðar og henni sé framfylgt.
- b) Lýðheilsuráð skal hafa frumkvæði að verkefnum sem snúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu íbúa.
- c) Lýðheilsuráð skal hafa frumkvæði að samskiptum sveitarfélagsins við opinbera aðila og hagsmunaaðila með það að markmiði að efla heilsugæslu í Reykjanesbæ.
- d) Lýðheilsuráð fer með verkefni sem snúa að forvörnum, heilsueflingu og snemmtækri íhlutun íbúa á öllum aldri.
- e) Lýðheilsuráð fer með umsjón, fyrir hönd Reykjanesbæjar, lýðheilsamála og kynnir sér og sækir sér þekkingu um lýðheilsu og þróun þeirra á Íslandi. Má þar nefna samskipti við Landlækni vegna lýðheilsuvísa, kynni sérstaklega árlega lýðheilsuvísa og viðbrögð við þeim, samskipti við lýðheilsuráð Alþingis o.s.frv.
- f) Lýðheilsuráð í samráði við íþróttá- og tómsundaráð fjallar um forvarnir og mikilvægi þeirra fyrir alla aldurshópa í samfélaginu tengt lýðheilsu.

g) Lýðheilsuráð tekur þátt í opinberum verkefnum tengt lýðheilsu og fjallar um mikilvægi þátttöku fyrir íbúa. Opinber verkefni eru meðal annars: krabbameinsátaksverkefni, verkefni tengd geðrækt og verkefni tengd lýðheilsu íbúa.

Skipurit nefnda



Mannauður íþrótt- og tómsundamála

Alls eru 47 starfsmenn í fullu starfi sem starfa að íþrótt- og tómsundamálum að vetri en fjölgar verulega að sumri til er Vinnuskóli Reykjanesbæjar tekur til starfa.

Stefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða

Á 169. Fundi íþrótt- og tómsundaráðs sem haldinn var þann 11. apríl 2023 var samþykkt stefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða í Reykjanesbæ. Mikilvægt er að hrinda henni í framkvæmd sem allra fyrst.

Tímamótasamkomulag náðist milli Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags og UMFN um sameiginlega aðstöðu og því mikilvægt




að Reykjanesbær setji fjármuni í mikilvæga uppbyggingu enda aðstaða t.d. hjá Fimleikadeild Keflavíkur og knattspyrnudeildum Keflavíkur og Njarðvíkur ekki fullnægjandi eins og þekkt er.

Hægt er að kynna sér skýrslu starfshóps um uppbyggingu íþrótt- og mannvirkja svæða á meðfylgjandi slóð:

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/baejarrad/2023/1416/05-skýrsla-starfshops-um-uppbyggingu-ithrottamannvirkja-og-svaeda-rnb-2023-2030-loka-fyrir-baejarstjornarfund-18.-apr-2023.pdf>

Tímalína og Frumáætlun



Frístundastefna Reykjanesbæjar

Á 173. fundi íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar var samþykkt erindisbréf fyrir starfshóp sem hefur það að markmiði að búa til fyrstu frístundastefnu Reykjanesbæjar sem mun líta dagsins ljós seint á seinni hluta ársins 2024.

Hlutverk starfshópsins er að búa til frístundastefnu sem mun varða veginn í frístundamálefnum sveitarfélagsins næstu árin. Stefnunni er ætlað m.a. fjalla um frístundir frá vöggum til grafar og verður það í fyrsta sinn sem horft er heildrænt á frístundastarf allra íbúa í Reykjanesbæ.

Nánar um vinnuferilinn má sjá á neðangreindri slóð;

https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/ithrotta_tomstundarad/2023/173/6.mal-fristundastefna.pdf

Íþróttamannvirki

Starfsemi íþróttamannvirkja verður með hefðbundnu sniði ef frá er talið rekstur Fimleikaakademíunnar og Nettóhallarinnar en samningur við aðalstjórnir Keflavíkur og Njarðvík rennur út 31. desember 2024.

Forsvarsmenn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur hafa þá framtíðarsýn að líklegt megi telja að íþróttahúsið við Sunnubraut verði heimavöllur þeirra næstu 10 árin eða svo. Þau hafa þ.a.l. margvíslegar hugmyndir um að breyta húsinu m.t.t. þess. M.a. að gera nýja stúku og nýja klefa fyrir meistaraflokka í körfuknattleik. Þær hugmyndir verða kynntar næsta vor þannig að fjalla megi um þær í fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025.

Farið verður í að skipta út vaktturni í Vatnaveröld og hluti búnaðar fyrir Fimleikadeild Keflavíkur verður keyptur.

Farið verður í minniháttar lagfæringar á gervigrasinu og bætt í gúmmíkurli árið 2024.

Stefnt er að því að skipta út gervigrasinu í Reykjaneshöll árið 2025.

Félagsmiðstöðin Fjörheimar

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 12. desember 2023 að auka verulega fjármagn til félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima sem gerir það kleift að hrinda Fjörheimasókninni í framkvæmd. Áherslan verður á að bæta við starfsstöðvum í úthverfum Reykjanesbæjar ásamt því að auka þjónustu fyrir 16-18 ára börn. Ásamt þessu verður Flotinn *flakkandi félagsmiðstöð* stofnuð. Flotinn verður með mikla starfsemi yfir sumartímann í hverfum innan Reykjanesbæjar en hlutverk Flotans verður m.a. að fylgjast með útivistartíma barna. Starfsmenn Flotans eru einnig til taks á stærri viðburðum sveitarfélagsins, til að mynda Ljósanótt.

Félagsmiðstöðin Fjörheimar átti 40 ára afmæli 26. nóvember sl. og hefur aldrei staðið styrkari fótum undir styrkri stjórn Gunnhildar, Thelmu Hrundar og Ólafs Bergs.

Ungmennaráð Reykjanesbæjar

Ungmennaráð Reykjanesbæjar var stofnað 1. nóvember 2011. Frá árinu 2021 hefur starfsemi ráðsins vaxið og dafnað undir styrkri stjórn Ólafs Bergs Ólafssonar. Síðastliðið ár hefur ráðið verið í þróunarvinnu með tilraunaverkefni þar sem ráðið hefur haft áheyrnarfulltrúa í öllum fagráðum og nefndum Reykjanesbæjar. Ungmennaráð Reykjanesbæjar er fyrsta ungmennaráðið sem hefur áheyrnarfulltrúa í öllum ráðum og nefndum á Íslandi. Eins og með allar tilraunir þá hefur ýmislegt gengið upp og annað ekki.

Ungmennaráð Reykjanesbæjar hefur einnig verið leiðandi fyrir önnur ungmennaráð á landsvísu, hvað varðar verkferla og umgjörð.

Í skoðun eru breytingar á starfsemi ráðsins á árinu 2024. Ef þær breytingar ganga eftir má gera ráð fyrir því að umgjörð ráðsins verði eins og hjá öðrum nefndum bæjarins. Ráðið myndi þá funda einu sinni í mánuði og fundargerðir þess fara fyrir fagráðið sem er íþrótt- og tómstundaráð og fundargerð ÍT fer svo fyrir bæjarstjórn.

88 Húsið – Ungmennahús

Starfsemi 88 Hússins hefur verið lítil undanfarin ár. Markhópur ungmennahúss er 16 til 25 ára. Fjármagn var skorið niður fyrir 13 árum síðan en stefnt er að því að koma fastri starfsemi á laggirnar að nýju. Annað hvort í gegnum aukið fjármagn til Fjörheima félagsmiðstöðvar árið 2024 eða í gegnum vinnu við Frístundastefnu Reykjaneshæjar. Ljóst er að það þarf að eiga sér mikið uppbyggingarstarf í 88 húsinu.

Töluverður misskilningur hefur oft verið uppi þegar ruglað er saman starfsemi Fjörheima félagsmiðstöðvar annars vegar og 88 Hússins hins vegar. En lítil starfsemi hefur verið á vegum 88 Hússins á undanförunum árum eða frá árinu 2011 þegar fjármagn hússins var skorið niður.

Vinnuskóli Reykjaneshæjar

Starfsemi Vinnuskóla Reykjaneshæjar var færð frá Umhverfis og framkvæmdasviði þann 1. janúar sl. Starfsfólk Fjörheima tók við þessu stóra verkefni og óhætt er að segja að tilfærslan hafi gengið vel og áherslur þeirra sem starfa í Fjörheimum hafi strax skinið í gegn. Virkni, forvarnir og fræðsla eru í fyrirrúmi og mun starfsemin verða þróuð enn frekar á næstkomandi árum, en þá munu uppeldisgildi vera höfð að leiðarljósi.

Frístundaakstur – efling þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi.

Frístundaakstur fyrir börn í 1. – 4. bekk hófst 9. janúar 2021. Verkefnið hefur að mestu skilað sínu sem eru að auka þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi og að auka þátttöku barna í starfi frístundaheimila. Að auki var eitt af markmiðum verkefnisins að reyna að kappkosta að börn ljúki þátttöku sinni í íþrótt- og tómstundastarfi á sama tíma og að foreldrar ljúki vinnutíma sínum.



Forvarnarmál og Samtakahópurinn

Málaflokkur íþróttá- tólmstunda- og lýðheilsamála hefur leitt forvarnarmál barna frá árinu 2015 og lýðheilsumál sveitarfélagsins frá 1. janúar 2023.

Samtakahópurinn þverfaglegur forvarnarhópur skipar þar stóran sess. Það er mat hópsins að nú séu blikur á lofti og mun sérstök áhersla 2024 vera á foreldra í forvarnarstarfi. Að auki er ráðgert að fara af stað með verkefni sem í daglegu tali hefur verið nefnt Flotinn (forvarnarverkefni sem hefur verið starfrækt í

Reykjavíkurborg). Flotinn er að nokkru leyti samskonar verkefni og Útíðeld Reykjanesbæjar var og skorið var niður 2022.

Samtakahópurinn fundar einu sinni í mánuði og tekst á við brýnustu verkefni líðandi stundar ásamt föstum verkefnum t.d. forvarnardögum ungra ökumanna o.s.frv.



Rannsóknir ÍÆ, Rannsóknna og Greininga og Lýðheilsuvísa

Samtakahópurinn og Lýðheilsuráð fjalla um og greina niðurstöður þeirra rannsókna sem lögð eru fyrir börnin okkar í grunnskólunum sem og lýðheilsuvísa sem eru lagðir fyrir íbúa Reykjanesbæjar.

Aðgerðir eru byggðar á niðurstöðum rannsókna og skýrslurnar eru birtar á vefsíðu Reykjanesbæjar.

Hvatagreiðslur 4 – 18 ára

Fá sveitarfélög bjóða hvatagreiðslur fyrir 4 – 18 ára en þó hefur það verið aukast. Hins vegar er sama fjárhæð til foreldra 2024 og var 2022 sem er 45.000 kr.

Alls nýttu 2026 börn hvatagreiðslur og þátttökutalan e 56,3 % árið 2022 - nýjar tölur eru væntanlegar í byrjun árs 2024.

Kerfið sem notað er heitir Abler. Stefnt er að því að Tónlistarskólinn komi inn í kerfið haustið 2024.

Hvatagreiðslur 67 ára og eldri


Hvatagreiðslur 67 ára og eldri (að hámarki 45.000kr.) hefjast 1. janúar 2024. Undirbúningur er á lokastigi. Notast verður við kerfið Abler við úthlutun greiðslna.

Ljóst er þó að ekki mun verða um hnökralausa framkvæmd að ræða þar sem að eldri borgarar eru misöflug í tækni og önnur eru ekki með netföng og eða rafræn skilríki. Unnið verður með starfsfólki Nesvalla og FEB við að öll fái aðstoð eftir þörfum.

Virkjun mannauðs í Reykjanesbæ

Virkjun mannauðs í Reykjanesbæ er tómstundamiðstöð staðsett við Flugvallabraut 740 (Ásbrú), gengið inn bakatil. Opnunartími er 08.00 - 16.00 á mánudögum og fimmtudögum.

Margvísleg afþreying er í boði hjá Virkjun, svo sem billjard, pílukast, smíðastofa, föndurherbergi og kaffiaðstaða. Að auki hefur Flugmódelaklúbburinn aðstöðu í húsnæðinu. Virkjun er opin fyrir 18 ára og eldri.



Íþróttir fyrir börn með sérþarfir

Segja má að verkefnið Allir með hafi eflt íþróttir fyrir börn með sérþarfir. Starfsemi í hjá Nes íþróttafélagi fatlaðra hefur aukist í samstarfi við stóru íþróttafélög Keflavík og Njarðvík og er það í samræmi við landsátak Íþróttasambands fatlaðra.



Frístundir.is

Starfsemi íþróttá- og tómsundamála er kynnt á vefsíðunni fristundir.is – á síðunni má flokka afþreyingu eftir aldri og bæjarfélagi.

Stefna Reykjanesbæjar og heimsmarkmið

Heimsmarkmið

Starfsáætlun íþrótta- og tómstundamála tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þau voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda til ársins 2030 eru 17 talsins með 169 undirmarkmið.

Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030

Stefna fyrir Reykjanesbæ og stofnanir hans 2020-2030 var samþykkt í bæjarstjórn 1. október 2019. Í framtíðarsýn stefnunnar, sem ber yfirheitið Í krafti fjölbreytileikans, er meðal annars



kveðið á um að Reykjanesbær skuli vera fjölskylduvænn bær sem þroski og nærri hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótt- og menningarstarf. Stefnan setur enn fremur þjónustu við börn í öndvegi, en hér fyrir neðan má sjá sex helstu stefnuáherslurnar settar fram með myndrænum hætti. Gildi stefnunnar eru *virðing*, *eldmóður* og *framsækni* en þau eiga að vísa okkur veginn í öllum okkar daglegu athöfnum.



VIRÐING

VIÐ BERUM **VIRÐINGU** HVERT FYRIR ÖÐRU, ERUM UMBURÐARLYND GAGNVART ÓLÍKRI MENNINGU OG MISMUNANDI AÐSTÆÐUM.



ELDMÓÐUR

VIÐ TÖKUMST Á VIÐ FJÖLBREYTTAR ÁSKORANIR AF ÞRAUTSEIGJU OG **ELDMÓÐI**. SÝNUM FRUMKVÆÐI OG ERUM STOLT AF OKKAR FRAMLAGI



FRAMSÆKNI

VIÐ MÆTUM FRAMTÍÐINI MEÐ ÁRÆDNI OG ERUM **FRAMSÆKIN** VIÐ ÞRÓUN NÝRRRA LAUSNA.

